

## Verktrygging

---

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

**Efnisyfirlit**

---

|         |   |   |
|---------|---|---|
| 1. gr.  | Útgáfa yfirlýsingar um verktryggingu .....    | 3 |
| 2. gr.  | Greiðsla, tilkynningar og dráttarvextir ..... | 3 |
| 3. gr.  | Endurgreiðsla .....                           | 3 |
| 4. gr.  | Skylda ábyrgðarmanns.....                     | 3 |
| 5. gr.  | Veð .....                                     | 3 |
| 6. gr.  | Atkvæðisréttur .....                          | 3 |
| 7. gr.  | Rýrnun veðs .....                             | 3 |
| 8. gr.  | Vanefndir.....                                | 3 |
| 9. gr.  | Vátryggingar á veðum .....                    | 3 |
| 10. gr. | Breytingar .....                              | 3 |
| 11. gr. | Ársreikningur .....                           | 4 |
| 12. gr. | Óviðráðanleg ytri atvik (force major).....    | 4 |
| 13. gr. | Ágreiningsmál.....                            | 4 |

**1. gr. Útgáfa yfirlýsingar um verktryggingu**

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gefa að ósk vátryggingartaka sem verktaka út yfirlýsingu um verktryggingu til hagsbóta fyrir verkkaupa þann sem skráður er á vátryggingarskránni.

**2. gr. Greiðsla, tilkynningar og dráttarvextir**

Iðgjald fyrir verktrygginguna skal vátryggingartaki inna af hendi þegar þess er krafist. Ef vanskil verða skal greiða dráttarvexti eftir reglum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

**3. gr. Endurgreiðsla**

Vátryggingartaki ábyrgist Sjóvá-Almennum tryggingum hf. einn eða með öðrum, á þann hátt sem um hefur sérstaklega verið samið endurgreiðslu á öllu því fé sem Sjóvá-Almennar tryggingar hf. þurfa að inna af hendi vegna yfirlýsingarinnar sem verktryggingin tekur til.

**4. gr. Skylda ábyrgðarmanns**

Sá, sem gengið hefur í ábyrgð vegna skuldbindinga vátryggingartaka við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. skal efna skyldu sína, ef vátryggingartaki innir ekki af hendi gjaldfallna greiðslu til Sjóvá-Almennta trygginga hf.

Ábyrgðarmenn bera persónulega og óskipta ábyrgð.

**5. gr. Veð**

Veð sem vátryggingartaki, ábyrgðarmenn eða aðrir setja eru til tryggingar hverri kröfu, sem Sjóvá-Almennar tryggingar hf. eignast á hendur vátryggingartaka, ábyrgðarmanni eða veðsala vegna þessa vátryggingarsamnings. Heimildir Sjóvá-Almennta trygginga hf. samkvæmt þessari grein eru háðar því skilyrði, að greiðsluskulda hafi fallið á félagið vegna vátryggingarinnar.

**6. gr. Atkvæðisréttur**

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. öðlast atkvæðisrétt, sem fylgir veðsettum eignarhlut í félagi.

**7. gr. Rýrnun veðs**

Rýrni veð eða sé hætt á því að það rýrni eða hækki krafa í erlendum gjaldmiðli vegna gengisbreytingar geta Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krafist þess, að vátryggingartaki eða ábyrgðarmenn setji tafarlaust nýtt veð til viðbótar hinu eldra.

**8. gr. Vanefndir**

Vanefni vátryggingartaki skuldbindingu þá sem yfirlýsingin um verktrygginguna tekur til eiga Sjóvá-Almennar tryggingar hf. rétt á að grípa til innheimtuaðgerða gagnvart honum og/eða ábyrgðarmönnum og að koma veði í verð.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. taka ákvörðun um, að hvaða skuldara eða veði ganga skuli.

**9. gr. Vátryggingar á veðum**

Vátryggingartaka og/eða veðsala er skylt að kaupa og halda við venjulegum og eðlilegum vátryggingum á veðum. Vátrygginguna skal kaupa hjá vátryggingarfélagi sem leyfi hefur til að reka starfsemi á Íslandi. Séu ekki lögð fram gögn um, að slík vátrygging sé fyrir hendi mega Sjóvá-Almennar tryggingar hf. kaupa hana fyrir hönd þess sem skylt var að gera það.

**10. gr. Breytingar**

Sjóvá-Almennum tryggingum hf. er heimilt án leyfis ábyrgðarmanna að veita vátryggingartaka greiðslufrest eða samþykkja að vátryggður veiti vátryggingartaka frest, og/eða semja um breytingar á kjörum yfirlýsingarinnar um verktrygginguna eða veðsins þ.á.m. að gefa eftir ábyrgð eða veð.

Þegar breytingar sem þessar verða, getur ábyrgðarmaður eða veðsali ekki krafist þess að verða leystur undan skyldum sínum að nokkru eða öllu leyti.

Það hefur eigi áhrif á kröfu Sjóvá-Almennra trygginga hf. gagnvart öðrum skuldurum, þótt félagið nýti ekki setta tryggingu eða láti hjá líða að krefja skuldara um greiðslu þ.á.m. að lýsa kröfu í bú.

### 11. gr. Ársreikningur

Vátryggingartaki skal árlega eins fljótt og unnt er eftir að reikningsári lýkur senda ársreikning sinn til Sjóvá-Almennra trygginga hf. Skal hann vera undirritaður af löggiltum endurskoðanda.

### 12. gr. Óviðráðanleg ytri atvik (force major)

Geti Sjóvá-Almennar tryggingar hf. vegna óviðráðanlegra ytri atvika ekki efnt skyldur sínar samkvæmt vátryggingunni eða greiðsla dregst af þeim sökum, bera Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ekki ábyrgð á afleiðingum greiðslufalls eða greiðsludráttar. Með óviðráðanlegum ytri atvikum er átt við óvenjuleg atvik, sem Sjóvá-Almennum tryggingum hf. verður ekki um kennt og eru þess eðlis að telja verður, að félagið hefði ekki átt að hafa þau í huga, þegar vátryggingarsamningur var gerður, svo sem styrjöld, óeirðir, uppbót, verkfall, verkbannt eða opinber höft.

### 13. gr. Ágreiningsmál

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

**Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2007.**

[Efst á skjal](#)